

STJÓRNARTÍÐINDI A 15 – 1997

Nr. 109

386

12. september 1997

FORSETABRÉF

um að Alþingi skuli koma saman
miðvikudaginn 1. október 1997.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Ég hefi ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman miðvikudaginn 1. október 1997.

Um leið og ég birti þetta, er öllum sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett, að lokinni guðsþjónustu í Dómkirkjunni, sem hefst kl. 13.30.

Gjört á Bessastöðum, 12. september 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Davíð Oddsson.

Nr. 110

20. júlí 1997

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, fór til útlanda í dag.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytinu, 20. júlí 1997.

F. h. r.
Guðmundur Arnason.